

KYNNINGARSTJÓRI FORLAGSINS

Ert þú hugmyndaríkur og skipulagður einstaklingur sem hefur áhuga á bókum? Við leitum að nýjum kynningarstjóra Forlagsins.

Viðkomandi þarf að hafa haldgóða reynslu af notkun samfélagsmiðla fyrir fyrirtæki, textaskrifum og og kynningarmálum, með góða íslenskukunnáttu og vera framúrskarandi í samskiptum.

Forlagið er líflegur vinnustaður með öflugan hóp starfsmanna.

Vinsamlegast sendið umsóknina á atvinna@forlagid.is fyrir 8. janúar 2018. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Taktu frá tíma til að hugsa um heilsu okkar hinna

Apótekarinn leitar að starfsfólki til þjónustu í apótekum á höfuðborgarsvæðinu.

Starfssvið

- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Almenn þjónusta og sala

Hæfniskröfur

- Reynsla af starfi í apóteki er kostur
- Söluhæfileikar
- Mikil þjónustulund og jákvæðni
- Lágmarksaldur er 20 ára

Um er að ræða fullt starf með vinnutíma frá kl. 10-18 virka daga eða hlutastarf með vinnutíma frá kl. 13-18 virka daga. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir merktar "þjónusta" ásamt ferilskrá sendist á starf@apotekarinn.is fyrir 2. janúar nk.

Apótekarinn⁺
- lægra verð

apotekarinn.is

Apótekarinn er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigðis og lífsgæða.

FLUGUMSJÓNARMENN



Icelandair óskar eftir að ráða flugumsjónarmenn í áhugavert og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og vönduð vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

STARFSSVIÐ:

- ! Gerð flugáætlana (Flight Planning)
- ! Eftirlit með flugvélum félagsins (Flight Following)
- ! Önnur tilfallandi verkefni í flugumsjón

HÆFNISKRÖFUR:

- ! Góð skipulagshæfni
- ! Metnaður til að ná árangri í starfi
- ! Góð tölvufærni
- ! Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- ! Jákvætt hugarfar og rík þjónustulund

UMSÓKNUM ÞURFA AÐ FYLGJA EFTIRTALIN GÖGN:

- ! Afrit af stúdentsskírteini eða öðrum sambærilegum prófskírteinum
- ! Nýtt sakavottorð
- ! Skírteini flugumsjónarmanns er æskilegt

Lögð er áhersla á vönduð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfni og hefur áhuga á að vinna með öflugum teymi í sibreytilegu alþjóðlegu umhverfi.

Starfsstöð er á Keflavíkurflugvelli og er unnið á dag- og næturvöktum (2-2-3).

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita:

Guðmundur Páll Jakobsson | guðmundurp@icelandair.is
Kristín Björnsdóttir | starf@icelandair.is

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á vef félagsins www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 2. janúar 2018.



Gleðileg jól, farsælt komandi ár með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

capacent

Er um við að leita að þér? Kerfisstjóri óskast til starfa hjá Akraneskaupstað

Akraneskaupstaður auglýsir lausa til umsóknar nýja stöðu kerfisstjóra á bæjarskrifstofunni á Akranesi. Í starfinu felst að vera tæknilegur leiðtogi og móta nýja tæknistefnu fyrir Akraneskaupstað. Gert er ráð fyrir svigrúmi að vaxa í starfi s.s. með endurmenntun, námskeiðum og ráðstefnuhaldi.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Dagleg umsjón, notendapjónusta og rekstur tölvukerfa og vélbúnaðar
- Umsjón með afritunar- og hýsingarmálum
- Innleiðing og stýring nýrra kerfa og verkefna sem því tengjast
- Umsjón með og stýring verkefna sem snúa að tæknilegum verkþökum
- Greining og fyrirbygging vandamála sem kunna að koma upp
- Gera umbætur í rekstri tölvuumhverfisins með einfaldleika og öryggisstöðlum
- Aðstoða og hafa yfirsýn með að koma á námskeiðum fyrir starfsfólk

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða góð starfsreynsla æskileg
- Góð reynsla af rekstri tölvukerfa og innleiðingu nýrra kerfa
- Góð þekking og reynsla æskileg af Microsoft hugbúnaði s.s. Active Directory, PowerShell, Exchange, Office 365, Azure, Lync og SCCM
- Rík þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskipta- og leiðtogahæfni
- Frumkvæði og metnaður að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 27. desember 2017. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri, bæjarstjóri@akranes.is.

Sótt er um starfið í gegnum heimasíðu Akraneskaupstaðar. Umsóknum fylgi ítarleg starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem kemur fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins.

Akraneskaupstaður er ört vaxandi bæjarfélag með sjö þúsund íbúa. Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu við bæjarbúa og fagleg vinnubrögð í stjórnsýslunni.



Einkunnarorð sveitarfélagsins eru jákvæðni, metnaður og viðsýni.



Akraneskaupstaður

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing




lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is



www.fastradningar.is

Atvinna

Set röraverksmiðja

Afgreiðslustjóri

Set ehf. óskar eftir kraftmiklum afgreiðslustjóra til að stýra tiltekt og afgreiðslu á vörum fyrirtækisins. Um er að ræða framtíðarstarf hjá öflugum fyrirtæki sem starfar bæði á innlendum og erlendum markaði

Helstu viðfangsefni starfsins eru:

- Stýring afgreiðslu og útkeyrslu pantana.
- Rekstur vörustaðsetningarkerfis.
- Útskriftir og utnumhald pantana.
- Verkstjórn á lager.
- Samskipti við viðskiptavini og flutningsaðila.

Krafa er gerð um:

- Þekkingu á helstu tölvukerfum og reynslu af vörustaðsetningarkerfum.
- Samvirkusemi og snyrtimennsku.
- Gott viðmót og þjónustulund.
- Gott vald á Íslensku og ensku.
- Frumkvæði til verka.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:

- Ferilskrá.
- Mynd af umsækjanda.

Áhugasamir sækja um fyrir 20. janúar nk. Eingöngu er tekið við umsóknum á vef Set; set.is/atvinna.

Set hefur vottað gæðakerfi skv. ISO 9001 og hefur hlotið viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki. Gott starfsumhverfi og mótuneyti er á staðnum.





Starfsfólk *Intellecta* óskar þér og þínum gleðilegra jóla, árs og friðar
Með kærri þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Fréttablaðið óskar eftir góðu fólki

PHP-FORRITARAR ÓSKAST

HELSTA VIÐFANGSEFNIÐ VERÐUR AÐ VIÐHALDA OG ÞRÓA VEF SEM SKRIFAÐUR ER Í CRAFT CMS / Yii FRAMEWORK OG HÝSTUR Í AWS.

Viðkomandi þarf því að:

- Hafa hagnýta starfsreynslu í object-oriented PHP og Linux umhverfi.
- Hafa að auki góða þekkingu á: MySQL, HTML, CSS, JavaScript og AWS ásamt kunnáttu á Varnish.

- Hafa haldgóða menntun sem nýtist í starfi.
- Vera lausnamiðaður, sjálfstæður og agaður í vinnubrögðum.
- Búa yfir lipurð í mannlegum samskiptum ásamt því að hafa ríka þjónustulund.

Áhugasamir vinsamlegast sækja um á <https://radningar.365.is> fyrir 5. janúar

Vakni spurningar varðandi starfið má senda þær á ge@365.is



365



STÖRF Í SÖLU- OG MARKAÐSDEILD

ALÞJÓÐLEGUR VIÐSKIPTASTJÓRI – KEY ACCOUNT MANAGER

ORF Líftækni hf. óskar eftir að ráða metnaðarfullan og reyndan einstakling í starf alþjóðlegs viðskiptastjóra fyrir BIOEFFECT húðvörur félagsins.

Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til þess að takast á við skemmtileg og fjölbreytt verkefni sem snúa að BIOEFFECT húðvörulínu félagsins. Helstu verkefni viðskiptastjóra eru uppbygging og eftirfylgni á sölustarfi félagsins erlendis. Viðskiptastjóri mun vera aðaltengiliður og bera ábyrgð á völdum markaðssvæðum erlendis.

SÖLU- OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

ORF Líftækni hf. óskar eftir að ráða ábyrgan og úrræðagóðan einstakling í starf sölu- og þjónustufulltrúa BIOEFFECT húðvara félagsins.

Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að takast á við skemmtileg og fjölbreytt verkefni sem snúa að BIOEFFECT húðvörulínu félagsins. Helstu verkefni sölu- og þjónustufulltrúa eru samskipti og þjónusta við erlenda viðskiptavinum, dreifiaðila, vöruhús og erlendar verslanakeðjur, bókanir, og tiltekt pantana og sendinga ásamt fleiri tilfallandi verkefnum sem koma upp.

intellecta

Nánari upplýsingar um störfni veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 8. janúar nk.

NÁNAR UM ORF LÍFTÆKNI

ORF Líftækni er íslenskt þekkingarfyrirtæki sem framleiðir vörur sem byggja á plöntuerfðatækni, m.a. BIOEFFECT húðvörur sem seldar eru á Íslandi og erlendis og hafa fengið ýmsar viðurkenningar fyrir virkni sína og hreinleika. Í dag er ORF Líftækni eina fyrirtækið í heiminum sem framleiðir og selur húðvörur sem byggja á þessari aðferð. Hjá ORF Líftækni starfar fjölbreyttur hópur fólks, með mismunandi bakgrunn, reynslu og þekkingu. ORF Líftækni leitast við að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir konur jafnt sem karla.

Upplýsingar um félagið og vörumerki þess má finna á www.orf.is og www.bioeffect.is.



FORSETI MENNTAVÍSINDASVIÐS

Háskóli Íslands leitar að öflugum stjórnanda og leiðtoga fyrir Menntavísindasvið sem er eitt af fimm fræðasviðum skólans.

Frá 1. júlí 2018 skiptist Menntavísindasvið í fjórar deildir. Á sviðinu starfa um 150 starfsmenn og nemendur eru um 2000 talsins. Forseti Menntavísindasviðs starfar í umboði rektors. Hann er æðsti yfirmaður og akademískur leiðtogi fræðasviðsins og stjórnar daglegri starfsemi þess. Með forseta fræðasviðs starfar öflugt teymi stjórnenda og sérfræðinga.

Forseti fræðasviðs ber m.a. ábyrgð á:

- Öflugri liðsheild og faglegu samstarfi innan sviðsins
- Fjármálum og rekstri fræðasviðs og stofnana sem undir það heyra
- Útfærslu og framkvæmd stefnu Háskóla Íslands á vettvangi fræðasviðs
- Gæðum kennslu, rannsókna og þjónustu
- Stjórnsýslu og stoðþjónustu fræðasviðsins
- Tengslum við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Mannauðsmálum
- Húsnæðismálum fræðasviðsins, að höfðu samráði við rektor

Umsækjendur skulu hafa:

- Akademískt hæfi sem og þekkingu og reynslu af háskóla- og/eða rannsóknastarfi
- Leiðtogahæfileika og frumkvæði í starfi
- Metnaðarfulla og skýra framtíðarsýn fyrir fræðasviðið
- Afbragðs samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynslu af stjórnun og stefnumótun
- Góð tækni á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli

Ráðið verður í starfið til fimm ára en í samræmi við reglur nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands er mögulegt að framlengja ráðningartímann um allt að fimm ár til viðbótar. Forseti fræðasviðs er ráðinn af rektor að fenginni umsögn sérstakrar nefndar um ráðninguna. Við ráðningu verður miðað við að sá er starfið hlýtur falli sem best að aðstæðum og þörfum fræðasviðsins. Áætlað er að ráðið verði í starfið frá 1. júlí 2018.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2018.

Umsóknir skulu berast í rafrænu formi á starfsumsóknir@hi.is merkt HI17110170. Umsóknargögn sem ekki eru send í rafrænu formi skulu berast til starfsmannasviðs Háskóla Íslands, Sæmundargötu 6, 101 Reykjavík. Öllum umsækjendum verður svarað og þeim tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Með umsókn þarf að fylgja greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda og hvernig hann hyggst vinna samkvæmt stefnu Háskóla Íslands 2016–2021.

Upplýsingar um umsóknargögn, starfið og ráðningarferlið eru á slóðinni: hi.is/haskolinn/forseti_menntavísindasviðs.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ásta Möller, sviðsstjóri starfsmannasviðs, netfang astam@hi.is, sími 525 4355.

Við ráðningu í störf í Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun háskólans.

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og stærsta kennslu-, rannsókn- og vísindastofnun landsins. Um 1.500 starfsmenn eru í föstum störfum við skólann og um 2.200 lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 12.500. Háskóli Íslands starfar á fimm fræðasviðum, býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunn nám og framhaldsnám í öllum helstu fræðigreinum.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



MOSFELLSBÆR



Lágafellsskóli

LÁGAFELLSSKÓLI Í MOSFELLSBÆ LEITAR AÐ ÖFLUGUM STARFSMÖNNUM

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi? Viltu vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum?

Við í Lágafellsskóla þurfum að ráða inn nýja starfsmenn. Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Stuðningsfulltrúa, vinnutími 8-13:20 en möguleiki á vinnu í frístund fram eftir degi.

Frístundaleiðbeinendur, í hlutastörf frá kl 13. Vinnutími samkomulag.

Skólaliða, vinnutími 7:50-14:00.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Reynsla og þekking sem nýtist í starfi
- Áhugi á að vinna með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

Umsóknarfrestur er til 30. desember 2017.

Frekari upplýsingar á heimasíðu Lágafellsskóla. Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stamos. Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525 9200/896 8230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is Öllum umsóknum verður svarað. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

SNILLINGUR ÓSKAST Á VÍSI

Ritstjórn Vísis leitar að lykilmannskju í hress, öflugt og metnaðarfullt teymi.

Viðkomandi þarf að hafa grafískt auga, fréttanef og vera góður í mannlegum samskiptum.

Helstu kröfur:

- Reynsla af fjölmiðlum/útgáfu nauðsynleg
- Kunnátta á myndvinnsluforrit s.s. Photoshop
- Brennandi áhugi á nýjungum á netinu
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi

Helstu verkefni:

- Umsjón og umbrot forsíðu
- Myndvinnsla og grafík
- Framsetning og frágangur fréttu
- Vinna á samfélagsmiðlum

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á tinni@365.is.
Umsóknarfrestur er til og með 1. janúar.

VÍSIR

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Akrar

- Starfsmaður í eldhúsi

Flataskóli

- Leik- eða grunnskólakennari í leikskóladeild

Fjölskyldusvið

- Starfsfólk á heimili ungrar fatlaðrar konu

Krókamýri - heimili fatlaðs fólks

- Starfsmaður

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á vef Garðabæjar www.gardabaer.is.



GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARÐABAER.IS

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar

- Aðstoðarmaður í eldhúsi, matráður og leikskólakennari á Sólhvörfum
- Deildarstjóri á Austurkór
- Deildarstjóri, þroskaþjálfari, starfsmaður og leikskólakennari á Læk
- Leikskólakennari á Baug
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Austurkór
- Leikskólakennari/þroskaþjálfari á Grænatúni
- Leikskólasérkennari, þroskaþjálfari, ofl á Marbakka
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfari á Austurkór
- Matreiðslumaður á Rjúpnahæð
- Sérkennari á Álfatúni
- Starfsmaður í skilastöðu og leikskólakennari á Núp
- Þroskaþjálfari, leikskólakennari á Fífusölum

Grunnskólar

- Aðstoðarmaður í mótuneyti Salaskóla
- Bókasafns og upplýsingafræðingur í Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Álfhólsskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Kársnesskóla
- Frístundaleiðbeinendur á dægradvöl Salaskóla
- Stuðningsfulltrúi, tónmenntakennari og þroskaþjálfari í Álfhólsskóla
- Þroskaþjálfari/sérkennari í Salaskóla

Velferðarsvið

- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn í íbúðarkjarna
- Starfsmenn óskast á vinnustofur fyrir fatlað fólk
- Þroskaþjálfari í íbúðarkjarna

Annað

- Aðstoðarbyggingarfulltrúi hjá Kópavogsbæ
- Starfsmaður við Sundlaugina Boðapíngi

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Skútustaðahreppur

Skipulags- og byggingarfulltrúi í Skútustaðahreppi

Skútustaðahreppur auglýsir 100% starf skipulags- og byggingarfulltrúa laust til umsóknar. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í lífandi umhverfi.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í samræmi við ákvæði skipulagslaga.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Reynsla af stjórnun og opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð samskiptahæfni.

Starfssvið:

- Yfirumsjón með starfi að skipulags- og byggingarmálum, framkvæmdum sveitarfélagsins, eignausmsýslu, sormálum, umhverfismálum, hreinlætismálum og öðru því sem undir embættið heyrir.
- Framkvæmd verkefna í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar hverju sinni.
- Umsjón með gerð fjárhagsáætlana, starfsáætlana og framkvæmdaáætlana sem undir embættið heyrir.
- Undirbúningur fyrir og umsjón með fundum skipulagsnefndar.
- Skráning fasteigna til fasteignaskrár.
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða sem gilda hverju sinni og heyrir undir sviðið.
- Samskipti við opinberar stofnanir, íbúa sveitarfélagsins og aðra þá sem tengjast verkefnum sviðsins.
- Önnur verkefni sem undir embættið heyrir hverju sinni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2018.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri í síma 464 4163.

Umsóknir ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi skulu sendar til thorsteinn@skutustadahreppur.is www.skutustadahreppur.is



Vallaskóli

Virðing - þekking - lífsgleði

Spennandi forstöðumannsstaða við frístundaheimilið Bifröst í Sveitarfélaginu Árborg

Hjá Vallaskóla á Selfossi er laus 100% staða forstöðumanns við frístundaheimilið Bifröst. Á Bifröst eru skráðir að jafnaði um 150 nemendur. Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi með háskólamenntun sem gagnast í starfi. Á frístundaheimilinu er boðið upp á fjölbreytt tómsundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur. Megináhersla í starfi frístundaheimilisins er fjölbreytt frístundastarf og frjáls leikur með börnum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón og ábyrgð á starfsemi frístundaheimilisins fyrir 6-9 ára börn
- Skipulagning starfsins í samráði við starfsfólk frístundaheimilisins
- Samskipti og samstarf, m.a. við foreldra
- Þátttaka í að móta stefnu og framtíðarsýn
- Umsjón með starfsmannamálum
- Umsjón og ábyrgð með rekstri frístundaheimilisins í samráði við skólastjórnendur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á uppeldissviði; tómsunda- og félagsmálafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Áhugi á frístundastarfi
- Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í starfi á frístundaheimili
- Færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

Starfið er laust frá 3. janúar 2018.

Umsókn, ásamt ferilsskrá og upplýsingum um umsagnaraðila, sendist Þorvaldi H. Gunnarssyni, skólastjóra, thorvaldur@vallaskoli.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. janúar 2018.
Starfið hæfir jafnt konum sem körlum.

Laun fara eftir kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sýningargæsla	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201712/1955
Forseti Menntavísindasviðs	Háskóli Íslands	Reykjavík	201712/1954
Kennsluþróunarstjóri	Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201712/1953
Skrifstofumaður	Persónuvernd	Reykjavík	201712/1952
Sérfræðingur	Persónuvernd	Reykjavík	201712/1951
Lögfræðingur	Persónuvernd	Reykjavík	201712/1950
Sérfræðingur	Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	Kópavogur	201712/1949
Sálfræðingur	Heilsugæslan Grafarvogi	Reykjavík	201712/1948
Fulltrúi í bókhald	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201712/1947
Lyfjatæknir	Landspítali, sjúkrahúsapótek	Reykjavík	201712/1946
Hjúkrunardeildarstjóri	Landspítali, krabbameinslækningad.	Reykjavík	201712/1945
Heilbrigðisritari/skrifstofumaður	Landspítali, bráðageðdeild	Reykjavík	201712/1944
Sérfræðilæknir í geðlækningum	Landspítali, móttökugeðdeild	Reykjavík	201712/1943
Sérfræðilæknir í ofnæmislækni.	Landspítali, lyflækningasvið	Reykjavík	201712/1942
Lífeindafræðingur	Landspítali, ónæmisfræðideild	Reykjavík	201712/1941
Sjúkraþjálfari/hreyfistjóri	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201712/1940
Hjúkrunarstjóri	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Laugarás	201712/1939
Aðstoðarmaður dómara	Héraðsdómur Norðurlands eystra	Akureyri	201712/1938
Sjúkraliði Kristnesspítala	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201712/1937

Ný og fersk störf
á hverjum degi

job.is vísir



Apotek Guesthouse

Hafnarstræti 104 ásamt byggingarétti

Til sölu gistiheimilið/hótelíð Apotek Guesthouse sem staðsett er á besta stað í miðbæ Akureyrar. 500 fermetrar, 20 herbergi, þakibúð og 700 fermetra byggingaréttur fyrir 30 hótelsvítum, samþykktur á deiliskipulagi og nýtanlegur strax. Fullt innbú fylgir, viðskiptasambönd, viðskiptavild, bókanir osfrv.

Sendið póst á info@apotekguesthouse.is fyrir nánari upplýsingar.



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Styrkir vegna þátttöku framhaldsskólanema í alþjóðlegum nema-keppnum í stærðfræði og raunvísindum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir til umsóknar styrki vegna þátttöku framhaldsskólanema í alþjóðlegum nema-keppnum í stærðfræði og raunvísindum á árinu 2018.

Markmið styrkjanna er að fjölga nemendum í raunvísindum og stærðfræði og eru styrkirnir veittir til að standa straum af ferðakostnaði vegna þátttöku í keppnunum.

Umsóknir berist mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið postur@mrn.is í síðasta lagi **föstudaginn 12. janúar 2018**.

Nánari upplýsingar eru í auglýsingu á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2018.

AUGLÝSING UM FRAMKVÆMDALEYFI Í GARÐABÆ LYKLAFELLSLÍNA

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 7. desember sl. umsókn Landsnets dags. 29. desember 2016 um framkvæmdaleyfi fyrir Lyklafellslínu innan lögsögu Garðabæjar, eins og framkvæmd hennar er lýst í umsókn um framkvæmdaleyfi, greinargerð og matsskýrslu. Leyfið er veitt með vísan í 13. og 14. grein Skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772 2012.

Um er að ræða byggingu háspennulínu 220/400 kV frá Lyklafelli í Mosfellsbæ að Hamranesi í Hafnarfirði. Umrædd framkvæmd er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er fyrirbyggjandi álit Skipulagsstofnunar, dags. 17. september 2009 ásamt matsskýrslu Landsnets, dags. 10. ágúst 2009. Framkvæmdin er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulag Garðabæjar.

Vakin er athygli á að niðurstaða bæjarstjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Framkvæmdaleyfið og auglýsing um veitingu þess er aðgengilegt á vef Garðabæjar, gardabaer.is.

Skipulagsstjóri Garðabæjar



GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS



Löglærður aðstoðarmaður dómara

Við Héraðsdóm Norðurlands eystra er laus staða löglærðs aðstoðarmanns dómara

Um er að ræða starf á grundvelli 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla. Til aðstoðar dómurum eru ráðnir lögfræðingar sem fullnægja skilyrðum 2.-6. t.l. 2. mgr. 29. gr. sömu laga og starfa þeir á ábyrgð dómstjóra. Nánari upplýsingar um starfsemi héraðsdómstólanna má finna á vef dómstólana, www.domstolar.is.

Dómstjóri getur falið aðstoðarmanni dómstórf, þó ekki þau að fara með og leysa að efni til úr hvers konar einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi, og sakamálafrá því að þau koma til aðalmeðferðar. Dómstjóri ber ábyrgð á störfum aðstoðarmanns og getur gefið honum fyrirmæli um hvað eina sem lýtur að rækslu þeirra.

Aðstoðarmaður dómara þarf að búa yfir skipulags- hæfileikum og vera sjálfstæður í starfi, ásamt því að vera sveigjanlegur og sýna færni í mannlegum samskiptum. Gerð er krafa um gott vald á íslensku máli.

Laun eru í samræmi við ákvæði stofnanasamnings Stéttarfélags lögfræðinga og dómstólaráðs.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af störfum innan dómkerfisins og geti hafið störf sem fyrst.

Ráðning er tímabundin til eins árs.

Umsóknir skulu sendar dómstjóra.

Upplýsingar veitir Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari, erlingur@domstolar.is

Umsóknarfrestur er til 15. janúar n.k.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Ólafur Ólafsson dómstjóri

Auglýsing um skipulag í Kópavogi

Kársneshöfn – Vesturvör 40 til 50. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi við Vesturvör 40-50.

Skipulagssvæðið sem er um 5 ha að stærð, nær til lóðanna við Vesturvör 40-42, 44-48 og 50 og afmarkast af Vesturvör 38 til norðurs, Vesturvör 32 og 36 til austurs, opnu bæjarlandi til suðurs og Skerjafirði til vesturs.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að:

- Breyta lóðarmörkum Vesturvarar 40-42 og stækka lóðina úr 8.400 m² í 13.800 m². Hluti af norðurhluta lóðarinnar fer undir Vesturvör 44-48. Byggingarmagn er óbreytt 5.000 m² en grunnflötur minnkar úr 3.900 m² í 3.700 m². Nýtingarhlutfall fer úr 0,6 í 0,35. Aðkoma og lega bílastæða breytist en að öðru leiti er umfang og fyrirkomulag byggingar óbreytt.
- Breyta lóðarmörkum Vesturvarar 44-48 og stækka lóðina úr 9.000 m² í 21.100 m². Lóðin stækkar til vesturs og liggur að gróttgarði. Byggingarmagn er óbreytt 4.500 m². Fallið er frá kröfum um hámarks grunnflöt og byggingarreitur breytist og stækkar. Heimilt er að reisa byggingu sem er 1-2 hæðir í öllum hluta byggingarreits en hámarksbyggingarmagn veldur því að aðeins lítill hluti byggingarinnar verður tvær hæðir. Hámarks veggghæð hækkar úr 10 metrum í 11,5 metra og hámarks mænishæð verður 13,5 metrar. Pakform er frjálst. Hámarks nýtingarhlutfall lóðarinnar er um 0,20. Ekki er gert ráð fyrir bílakjallara en heimild er fyrir að koma geymslum og tæknirýmum fyrir í kjallara. Miðað er við 1 bílastæði á hverja 50 m² húsnæðis eða um 90 stæði. Hluti göngu- og hjólastígs færast til austurs að austurlóðarmörkum Vesturvarar 44-48 með kvöð um almenna göngu- og hjólaleið. Vestan byggingarreitar er gert ráð fyrir opnu athafnasvæði ásamt tveimur stakstæðum byggingarreitum fyrir smáhýsi tengd starfsemi sem nær út að sjó og grjóttgarði.
- Breyta lóðarmörkum Vesturvarar 50 en stærð lóðar breytist ekki og verður áfram 2.900 m². Hámarks byggingarmagn er óbreytt 1.500 m² sem og hæð byggingarreitar sem er 9 metrar en lögun hans breytist. Aðkoma og lega bílastæða breytist en fjöldi er hin sami.

Með breyttu deiliskipulagi fylgir minnisblað frá verkfræðistofunni Mannviti dags. 14. desember 2017 sem fjallar um umhverfismál og möguleg áhrif uppbyggingar á svæðinu á nærliggjandi. Tillagan er sett fram á uppdætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð, skýringarmyndum og skipulagsskilmálum. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er til kynningar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í afgreiðslu skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna.

Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs að Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 12. febrúar 2018.

Skipulagsstjóri Kópavogs.



Óskum viðskiptavinnum okkar nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegra jóla



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.

Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.



FASTEIGNASALAN
TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson Ifs.



Sigurður
Fasteignasali



Hafdís
Sölustjóri



Berglind
Fasteignasali



Alexander
Sölufulltrúi



Dórothea
Fasteignasali



Þorgeir
Fasteignasali



Hrönn
Sölufulltrúi



Þorsteinn
Fasteignasali



Sigríður
Fasteignasali



Garðar
Fasteignasali



Halla
Fasteignasali



Árni Ólafur
Fasteignasali



Jóhanna Kristín
Fasteignasali



Jón Gunnar
Sölufulltrúi



Þóra
Fasteignasali

Fasteignasalan TORG
óskar viðskiptavinum sínum
og öllum landsmönnum

Gledilegra Tíðla

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

STAKFELL ÓSKAR VIÐSKIPTAVINUM
GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI.

MEÐ ÞÖKK FYRIR VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA,
STARFSFÓLK STAKFELLS



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984



Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla

Starfsfólk Eignamiðlunar



EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík



FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF · Vegmúla 2, 108 Reykjavík · Sími 519 6770 · radum@radum.is

Starfsfólk Hraunhamars
óskar viðskiptavinum, samstarfsaðilum
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári. Þökkum
fyrir viðskiptin á liðnum árum.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 Hafnarfjörð • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is
Stofnuð 1983



Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson
lökk. fast.



Ásmundur Skeggjason
lökk. fast.



Brynjar Baldursson
sölufulltrúi



Jóhann Friðgeir
Valdimarsson
sölufulltrúi



Kristinn Tómasson
lökk. fast.



Áni Þorsteinsson
sölufulltrúi

**Jólaþveðja,
starfsfólk Höfða
fasteignasölu**

*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*



Þökkum viðskiptin á árinu.

